

Hnípin Evrópa

Kjallari

Dorvaldur
Gylfason



Vandi Evrópu nú er
flóknari en vandi
Bandaríkjanna.

Menn greinir á um efnahagsvandann í Evrópu og einnig í Bandaríkjum. Sumir telja, að hagfræðin hafi bruglist sem frædigrein og leiðarvísir. Ég er á öðru máli, þóri ríkandi hagfræði þarfist ýmsilega endurbóta. Ég tel ágreininginn um efnahagsvandann snúast um stjórnmál, ekki hagfræði. Hér eru rökin.

Sagan gleymdist

Byrjun vestan hafs. Roosevelt Bandaríkjaforseti og Bandaríkjapíng brugðust að því leyti skyndamlega við kreppunni miklu 1929-39, að ný lög voru sett til að koma böndum á banka, banna þeim að braska með innstæður spariþjáfreigna og innleða jafnframt innstæðutryggingar. Hugsunin, sem bjó að baki lagasetningunni, snerist öðrum præði um neytendavernd. Nauðsyn bar til að draga út áhætusekni bankanna og vernda viðskiptavini þeirra fyrir eðlislaegri áhætu í rekstri banka, sem ráðstafa innlánunum spariþjáfreigna til skamms tíma til láneftingar til langs tíma. Þessi löggjöt tökk svö vel, að allt var að heita má með kyrrum kjörum í bandarísku efnahagslíf i meira en hálfu öld. Eftir það fóru fjármálkreppur aftur að gera vart við sig. Árið 2007 upphófst vestan hafs kreppa, sem náið hármarki með proti Lehman Brothers-bankans í september 2008 og enn sér ekki fyrir

endann á. Þetta var langstærsta gjald-prot i Bandaríkjumum fyr og síðar, og verður lengi délt um, hvort bandarísk stjórnvöld hafi gert rétt í að láta undir höfu leggjast að afstýra þrotin, sem prengdi til muna aðgang banka að lausafé vegna þverrandi trausta milli fjármálastofnana.

Hver var undirrót kreppunnar 2007? Nærtækasta svarið er, að sagan gleymdist. Bandaríkjapíng afnam kreppulögum frá fjórða áratugnum í áföngum eftir 1980. Bónkumum var afur heimilt skv. lögum að braska með innstæður spariþjáfreigna, án þess að hroflað væri við innstæðutryggingum. Af þessu leiddi óhóf í bónkumum, glórulausar láneftingar án tryggra veða og alls kyns brask. Bankamenn töldu sig ekki hafa neitt að ótast, þar eð ríkið stóð á bak við bankana gegnum innstæðutryggingakerfið. Auk þess töldu sumir bankarnir sig vera stærri en svo, að hægt væri að láta þá komast í þrot. Margir telja, að bankarnir hafi beinlínis verið rændir innan frá. Kannast nokkur við það?

Við þetta bætist, að Bandaríkjastjórn og öðrum kerlösi eftir kreppuna 1929-39 að stíga ýmist á bensingsjöfina eða bremsuna til að draga úr öldugangi í efnahagslinu. Ekki síst þess vegna hafa hagsveiflur verið miklu mildari eftir að kreppunni miklu lauk. Breski hagfræðingurinn John Maynard Keynes

birti 1936 lykilverk, sem lagði grunninn að þjódhagfræði nútímans. Hann leiddi mönnum fyrir sjónir, að hægt er að koma í veg fyrir kreppu með því að örva efnahagslíf ymst með peningaprentun, auknum útgjöldum nkissjóðs eða lekkun skatta. Pessum þekkt ráðum beitti Bandaríkjastjórn eftir fall Lehman Brothers og kom með því móti í veg fyrir nýja heimskreppu. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur t.d. lekkad vexti niður í næstum ekki neitt og kemst ekki neðar. Sumir telja, að ríkisútgjöld hafi ekki verið aukin nóg, og pannig standi á, að efnahagslíf hafur ekki rétt úr kúnum. Politísk andstæða við lagahömlur gegn bankabráskvi var kveikjan að bankakreppunni í Bandaríkjum 2007. Politísk andstæða gegn auknum útgjöldum rkisins jafnvel i kreppu hefur orðið til þess, að batinn hefur verið haegari en hann purfti að vera. Vandinn er því politískur frá minum þejardýrum sér, ekki efnahagslegur.

Brettum upp ermar

Vandi Evrópu nú er flóknari en vandi Bandaríkjanna. Ísland, Írland og Spánn komust í kröggur vegna þess, að bankarim slepptu fram af sér beinlínun með leyfi og sumparti beinlínis fyrir tilstilli stjórnvalda. Gríkkland komst í kröggur af annarri ástæðu. Grískra ríkið stofnado til skulda, sem það ræður ekki við að velta á undan sér, hvad þá endurgreiða. Vandi landanna fíggurra á það sammett, að erlendir bankar lánuðu Gríkklandi of fjárhálfu er virðist í trausti þess, að ESB stœði að baki Gríkklands og erlendir bankar lánuðu íslenskum (og einnig írskum og spánskum) bónkum

með líku lagi of fjár e.t.v. að einhverju leyti í þeiri trú, að ríkið (eða ríkið og ESB) stœði að baki bónkumum. Hvort tveggja reyndist vera talsýn. Sú stöðreynd, að Grikkland, Írland og Spánn eru evrulönd og Ísland ekki er aukaatriði í þessi viðfangi. Hvorki íslenskir bankar né grískir ríkið gátu stöðið skil á skuldum sinum, en írskir og spánskir bankar reyna með erfðismunum að standa í skilum með hjálp tilneyddra skattgreiðenda, ESB og annarra.

Vandi evrulandanna priggja er ekki þeim einum að kenna. Evrulöndin í heild, einkum Íslands, Frakkland, bera hluta ábyrgðarinnar og auðvitað bankarnir í ljósí filldjarfrar framgöngu þeirra. Þjóðverjum og Frökum bar að hafa forstu um nánara samstarf í rkisfjármálam til að tryggja, að einstök erurkni eins og Gríkkland gettu ekki gengið of langt á kostnað annarra. Þeim bar einnig að tryggja nánara samstarf í bankamálum til að tryggja, að bankar í einstökum erurkjum eins og Írlandi og Spáni getu ekki gengið of langt. Hvort tveggjir brást. Nú ríður á, að evrulöndin komi sér saman um innviði, þar að meðal samevrópskt fjármálaefitilit, til að draga úr líkum þess, að sorgarsaga súðustu missera endurtaki sig. En það er ekki nóg. Bráðavandinn kallað eintíð á brýna lausn. Þar verða Þjóðverjar og Frakkir ásamt öðrum að ada ábyrgð og ganga fram fyrir skjöldu, þótt á brattann sé að sekja. Radek Sikorski utanríkisráðherra Póllands orðaði þessa hugun skýrt í Berlín fyrir nokkru. Hann sagði: „Ég óttast vald Þjóðverja minna en ég óttasi að gerðarleysi þeirra.“ Evrópa þarf að bretta upp ermamar.